STRAUMUR

# Sjávarklasinn:

# *Gírum hugvitið !*

**Straumur Fjárfestingabanki**

Pétur Einarsson
Forstjóri

Sjávarútvegsráðstefnan 2011

Frá tækifærum til tekjusköpunar

Grand Hótel Reykjavík

13.-14. október 2011

# Hvað er sjávarklasinn?

STRAUMUR

- Stofnað 2011
- Rannsóknarverkefni Þórs Sigfússonar hjá HÍ
- Um 20 bakhjarlar

- Kortleggja alla greinina
- Auka meðvitund og samstarf
- Bæta, breyta og breikka ímynd

Rannsóknir, menntun og þjálfun

Tæknibúnaður fyrir vinnslu og veiðar

Stjórnun auðlinda, eftirlit og vöktun

Græn orka
Upplýsingatækni á hafinu

Sjávarútvegur og tengd matvælavinnsla

SJÁVAR KLASINN

Haftengd ferðþjónusta

Flutninga- og hafnastarfsemi

Lífvirk efni hafsins

Þjónusta, ráðgjöf og fjármálastarfsemi

Sala, markaðssetning og dreifing

Fiskeldi

Landgrunnið og sjóefni

# Sjávarklasinn getur eflst



# Vöxtur sjávarklasans

STRAUMUR



# Icecon - stofnað 1986

STRAUMUR



Morgunblaðið/Kristinn

RIYAZ Kurji og Fiaz Kurji, fulltrúar fyrirtækisins Alpha Group í Kenýa. Þeir vilja sækja hingað þekkingu og tækni í því skyni að auka gæði framleiðslunnar.

## Vilja sækja þekkingu og tækni til Íslands

### Fulltrúar Alpha Group í Kenýa í heimsókn hér

FYRIRTÆKIÐ Alpha Group í Kenýa hefur hug á að auka samstarf sitt við Íslendinga og íslensk fyrirtæki en það er nú í samvinnu við SH, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, um vinnslu og markaðssetningu nílarkarfa úr Viktoríuvatni. Kemur þetta fram hjá tveimur fulltrúum fyrirtækisins, þeim Fiaz Kurji og Riyaz Kurji, en þeir hafa verið staddir hér á landi síðustu daga.

SH eða Icecon, dótturfyrirtæki þess, samdi á síðasta ári um að annast eftirlit með framleiðslu- og gæðamálum eins fiskvinnsluhúss Alpha Group og tók einnig að sér alþjóðlega markaðssetningu afurðanna í gegnum sölunet sitt. Hefur þetta samstarf gengið mjög vel og hefur Icecon haft hönd í bagga með breytingum á fiskvinnsluhúsum Alpha Group í því skyni að auka gæði framleiðslunnar. Hefur fyrirtækið verið með þrjú hús í rekstri en til stendur að fjölga þeim um tvö.

Samstarfið við Icecon hefur leitt til þess, að forsvarsmenn Alpha Group vilja sækja hingað til Íslands alla þá þekkingu og búnað, sem þeir telja sig þurfa, en þess má geta, að allar umbúðir, sem fyrirtækið notar, eru frá Umbúðamiðstöðinni. Í ferð sinni hingað hafa þeir Fiaz Kurji og Riyaz Kurji kynnt sér búnað frá Marel og Sæplasti og einnig skoðað hugsanleg kaup á nokkrum úreldingarbátum, sem hentað gætu til veiða á Viktoríuvatni.

Fyrirtækið hefur hug á því að fá Íslendinga til að starfa við vinnsluna, við framleiðslu- og gæðaeftirlit, og hefur þegar samist um, að þrjár íslenskar fjölskyldur haldi utan í því skyni.

Hjá Alpha Group er einnig áhugi á að kanna hvernig roðið af nílarkarfanum hentar til sútunar og hefur verið samið um það við Loðskinn á Sauðárkróki, að það geri tilraunir með að súta um 500 kg af roði eða 1.000 stykki. Er roðið á nílarkarfanum þykkt og sterkt auk þess sem mynstrið í því er dálítið sérstakt. Ef vel tekst til gæti orðið framhald á þessu samstarfi.

Alpha Group er eitt stærsta fyrirtækið í vinnslu á nílarkarfa úr Viktoríuvatni og er framleiðsla þess um 12.000 tonn af fullunnum afurðum á ári. Fer framleiðslan einkum á Evrópu og Austur-Asíu en SH hefur séð um sölu á um 1.500 tonnum. Þykir nílarkarfinn góður matfiskur, sagður standa einhvers staðar á milli karfa og þorsks, og er greitt fyrir hann gott verð.

Nílarkarfaaflinn í Viktoríuvatni, sem er annað stærsta stöðuvatn í heimi, er um 500.000 tonn árlega og fiskurinn eingöngu veiddur í net.

HAMPIÐJAN

ICECON

sæplast

marel

# FBA – stofnað 1998

- Verkefni á Hjaltlandseyjum: Icecon afhendir síldarverksmiðju Linda
- Icecon endurskipuleggur fiskvinnsluhús í Saudi-Arabíu
- Alpha Group og Icecon gera samstarfsamning um vinnslu og markaðssetningu á Nílarkarfa

- Fjárfestingabanki atvinnulífsins (FBA) lánar Clearwater C$60m
- FBA semur við FPI um ráðgjöf við kaup á Seafood Company í Bretlandi
- FBA sér um skuldabréfaútboð fyrir Norway Seafood

# Hvar er vöxturinn?

STRAUMUR

- Veiðar hafa náð hámarki og fara minnkandi
- Í heiminum er vöxtur í fiskeldi
- En er Ísland góður kostur fyrir fiskeldi?

- Mikil þekking á veiðum og vinnslu
- Erfiðar aðstæður
- Mikill þrýstingur á hagræðingu

# Gírum hugvitið!

STRAUMUR

- Gríðarlega reynsla og þekking
- Aldrei verið meiri þörf á útflutningi
- Atvinnuleysi, lágt gengi, engin hagvöxtur

- Móta langtímastefnu
- Horfa á stór verkefni
- Vinna saman undir einum hatt....

# Sjávarklasinn:

# *Gírum hugvitið !*

**Straumur Fjárfestingabanki**

Pétur Einarsson
Forstjóri

Sjávarútvegsráðstefnan 2011

Frá tækifærum til tekjusköpunar

Grand Hótel Reykjavík

13.-14. október 2011